

Cudak gegn Litháen - Yfirdeild

Dómur frá 23. mars 2010

Mál nr. 15869/02

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Friðhelgi ríkja fyrir málsókn. Réttur til að fá úrlausn dómstóla um réttindi.

1. Málsatvik

Kærandi, Alicija Cudak, er litháískur ríkisborgari, fædd árið 1961 og býr í Vilnius. Í nóvember 1997 var hún ráðin sem ritari hjá pólska sendiráðinu í Vilnius. Starfslýsing hennar var í samræmi við hefðbundin ritarastörf.

Árið 1999 kvartaði kærandi til umboðsmanns jafnréttismála í Litháen. Hún greindi frá því að hún hefði verið áreitt kynferðislega af karlkyns samstarfsmanni sínum. Umboðsmaðurinn rannsakaði málið og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Kærandi fór í veikindaleyfi í tvo mánuði frá störfum sínum en áreitnin hafði haft slík áhrif á hana að hún var óvinnufær. Þegar leyfinu var lokið reyndi kærandi í nokkur skipti að snúa aftur til vinnu. Henni var neitað um aðgang að sendiráðinu. Kærandi kvartaði til sendiherrans sem tilkynnti kæranda að henni hefði verið sagt upp störfum þar sem hún hefði ekki komið aftur til starfa þegar veikindaleyfi hennar lauk.

Kærandi höfðaði mál fyrir dómstólum í Litháen vegna ólögðrar uppsagnar. Kröfum hennar var vísað frá á grundvelli þess að litháískir dómstólar hefðu ekki lögsögu yfir pólska ríkinu og sendiráðum þar sem fullvalda ríki nyttu friðhelgi fyrir málssóknum fyrir innanlandsdómstólum annarra ríkja. Hæstiréttur Litháen tók málið til meðferðar og komst að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði einkum sinnt verkefnum í þágu pólskra almannahagsmuna í starfi sínu í sendiráðinu og hún hefði því í störfum sínum komið fram fyrir hönd pólskra stjórnvalda. Þess vegna væri réttlætanlegt að friðhelgi fullvalda ríkja ætti við um starfstengsl hennar og pólska ríkisins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn réttindum sínum samkvæmt 6. gr. sáttmálans þar sem henni hefði verið neitað um að fá úrlausn dómstóls á máli sem varðaði réttindi hennar og skyldur.

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði um þróun alþjóðalaga í þá átt að draga úr friðhelgi ríkja og þá einkum í tilvikum þar sem reynir á ráðningarsambönd ríkja við starfslíð sendiráða erlendis. Friðhelgin tæki engu að síður til ágreinings ríkja við starfsfólks sendiráða og ræðismanna um ráðningarmál eða vegna ágreinings ríkjanna við starfsfólk sem væru ríkisborgarar þeirra eða ef sérstaklega væri kveðið á um friðhelgina í ráðningarsamningnum.

Dómstóllinn benti á að enginn þessara undantekninga ætti við um samband kæranda og pólska ríkisins. Kærandi hefði ekki sinnt verkefnum þar sem hún kom fram fyrir hönd pólska ríkisins. Hún hafði sinnt störfum sendifulltrúa eða fulltrúa ræðismanns. Hún væri ekki pólskur ríkisborgari. Einnig benti dómstóllinn á að ágreiningur hennar og pólska ríkisins hefði snúið að slitum ráðningarsambands hennar en ekki stofnun slíks sambands. Dómstóllinn tók sérstaklega fram að hvorki litháískir dómstólar né stjórnvöld hefðu sýnt fram á að dagleg störf kæranda hefðu tengst fullveldishagsmunum pólska ríkisins.

Dómstóllinn vísaði til þess að pólska ríkið nyti ekki friðhelgi vegna þess eins að kærandi hefði haft möguleika á að kynna sér ýmis gögn eða hefði getað hlustað á trúnaðarsímtöl við skyldustörf sín. Ljóst væri að brottrekstur hennar og meðferð dómstóla vegna hans hefðu komið til vegna kynferðislegrar áreitni og úrlausn dómstóla á slíkum gjörningum gæti ekki talist grafa undan öryggishagsmunum pólska ríkisins.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að vísa kröfum kæranda frá dómstólum á grundvelli þess að friðhelgi pólska ríkisins hefði náð yfir slit ráðningarsambandsins. Brotið hefði verið gegn kjarna réttinda kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 10 þúsund evrur í bætur vegna fjárhagstjóns og miska.